

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

39. fundur.

að Hlíðavegi 6, 3. 6. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

- | | |
|-----|--|
| 1. | Fundarsetning. |
| 2. | Fundargerð skólanefndar frá 24. maí. |
| 3. | Fundargerð atvinnumálanefndar frá 25. maí. |
| 4. | Lánasjóður sveitarfélaga. |
| 5. | Aðalfundur Sauðahellis. |
| 6. | Aðalfundur Sorpsamlags Pingeyinga. |
| 7. | Kjör oddvita og varaoddvita. |
| 8. | Breyting á aðalskipulagi í Kröflu. |
| 9. | Fundargerð bygginganefndar frá 26. maí. |
| 10. | Vinnuskólinn. |
| 11. | Upplýsingamiðstöð ferðamála. |
| 12. | Val verktaka. |

Mættir: Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Sverrir Karlsson, Böðvar Pétusson, Þuríður Snæbjörnsdóttir.

1. Fundarsetning.

Varaoddviti Jón Óskar Ferdinandsson setti fund í forföllum oddvita og lagði til að málum 7 til 11 yrði bætt á dagskrá.

Þá var lagt til að 12. lið: Val á verktökum yrði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð skólanefndar frá 24. maí.

2. liður fundargerðarinnar fjallar um ráðningu kennara. Sveitarstjórn samþykkir ráðningu Brynju Ingólfsdóttur í hlutastarf. Fram hefur komið að Sigríður Guðrún Sigmundsdóttir, sem skólanefnd mælir með að ráðin verði í

100% starf hefur dregið umsókn sína til baka. Skólastjóri og skólanefnd munu huga frekar að kennararáðningum á næstu dögum.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og skólastjóra að ráða Kristínu Halldórsdóttur í áframhaldandi hlutastarf sem stuðningsfulltrúi og endurskoða starflýsingu með tilliti til reynslu liðins vetrar.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að hraðað verði athugun á aðsókn að leikskólanum Yl þannig að skipuleggja megi vetrarstarfið í tíma..

3. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 25. maí.

Sveitarstjórn samþykkir 1. lið fundargerðarinnar.

2. liðurinn þarfnast ekki ályktunar við.

4. Lánasjóður sveitarfélaga.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur samþykkt að lána 34 milljónir króna til Skútustaðahrepps sem hugsaðar voru til byggingar leikskóla. Á þessari stundu liggur ekki fyrir ákvörðun um byggingu leikskóla. Engu að síður er sveitarstjóra falið að kanna um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga í ljósi versnandi fjárhagsstöðu sem einkum skýrist af breytingum á framlögum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Vegna þess hefur sveitarstjóður þurft að taka dýr skammtímalán sem að mati sveitarstjórnar er nauðsynlegt að fjármagna með öðrum hætti.

5. Aðalfundur Sauðahellis.

Aðalfundur Sauðahellis var haldinn í Reykjavík 28. maí s.l. Sveitarstjóri sem er í stjórn félagsins sat fundinn. Þær breytingar hafa orðið á að nýverið keyptu Stoðir Kletta hf og urðu þar með þriðjungs eigandi í Sauðahelli ehf. Fulltrúar Olíufélagsins og Skútustaðahrepps komu þeim boðum til Stoða að hlutur þeirra í félaginu væri falur, en fram kom í máli fulltrúa Stoða að stefna félagsins hefur verið að taka ekki þátt í hlutafélögum, heldur kaupa þá hluti annara og fara með fullt forræði í þeim félögum sem þeir á annað borð eiga í. Afkoma félagsins varð á þeim nótum sem upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir þ.e. tap að upphæð kr. 702 þús. varð á félaginu eftir afskriftir. Gert er ráð fyrir að félagið skili hagnaði eftir um tvö ár.

6. Aðalfundur Sorpsamlags Þingeyinga.

Kristján Stefánsson sat aðalfundinn fyrir hönd Skútustaðahrepps en fundurinn var haldinn á Húsavík 28. maí. Félagið var rekið með örlitlu tapi á síðasta ári, 610 þús. Á fundinum voru lagðar fram áætlanir til framtíðar um förgun úrgangs með brennslu og orkunýtingu. Ákveðið var að efna til hluthafafundar á haustdögum þar sem nánari ákvarðanir yrðu teknar.

7. Kjör oddvita og varaoddvita.

Gerð var tillaga um að Guðrún María Valgeirsdóttir yrði kjörin oddviti og Jón Óskar Ferdinandsson varaoddviti. Aðrar tillögur voru ekki gerðar og eru Guðrún María og Jón Óskar því rétt kjörin.

8. Breyting á aðalskipulagi í Kröflu.

Eftirfarandi auglýsing birtist í Lögbirtingablaði, Morgunblaði og Sjónarhóli 21. apríl s.l.

Frestur til að gera athugasemdir rann út 2. júní. Engar athugasemdir bárust og er sveitarstjóra því falið að leita staðfestingar skipulagsins hjá Skipulagsstofnun.

Auglýsing**um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 samkvæmt 1.mgr. 21.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingartillagan felst í afmörkun iðnaðarsvæða í Kröflu þar sem nýting jarðhita er nú stunduð og iðnaðarsvæða þar sem jarðhitanyting er hugsanleg í nánustu framtíð.

Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með miðvikudeginum 21. apríl 2004 til miðvikudags 19. maí 2004.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til miðvikudagsins 2. júní 2004. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Mývatnssveit, 14. apríl 2004.

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

9. Fundargerð bygginganefndar frá 26. maí.

Sveitarstjórn samþykkir liði 1, 2, 4 og 10 sem eiga við um Skútustaðahrepp. Liður 3 í fundargerðinni hefur verið afgreiddur áður í fundargerð með veitingu stöðuleyfis til tveggja ára en vegna misskilnings var það erindi sem afgreitt er í fundargerð bygginganefndar nú ekki dregið til baka, en það mun nú hafa verið gert.

10. Vinnuskólinn.

Auglýst var á sínum tíma eftir umsóknum í vinnuskóla. Í ljósi fárra umsókna var ákveðið að ráða ekki sérstakan starfsmann til umsjónar með vinnuskólanum. Nú hefur hins vegar fjölgað í hópi umsækjenda og hafa níu sótt um. Í ljósi þess er nauðsynlegt að ráða umsjónarmann. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir umsjónarmanni vinnuskólans í hlutastarf. Stefnt er að því að vinnuskólinn taki til starfa 15. júní.

11. Upplýsingamiðstöð ferðamála.

Þegar auglýst var eftir starfsmönnum að upplýsingamiðstöð ferðamála barst einungis ein umsókn, þ.e. frá Arnfríði Gígju Arngrímsdóttur, sem þegar hefur verið ráðin til starfans. Sveitarstjóri hefur rætt við Þorgeir Gunnarsson um að takast á hendur vinnu við upplýsingamiðstöðina að fengnu samþykki sveitarstjórnar og er Þorgeir reiðubúinn til þess.

Sveitarstjóra falið að ráða Þorgeir til sumarstarfa við upplýsingamiðstöð.

Á sínum tíma var ákveðið að flytja upplýsingamiðstöðina í húsnæði sundlaugar. Vegna óvissu um gestastofu o.fl. hafa ekki verið gerðar ráðstafanir um uppsetningu upplýsingamiðstöðvar í sundlaugahúsnæði. Þeirri óvissu verður eytt á næstu vikum. Í ljósi óvissunar telur sveitarstjórn rétt að hefja starfsemi upplýsingamiðstöðvar í versluninni Strax eins og verið hefur og endurmeta málið í heild þegar óvissunni um gestastofu og aðkomu Umhverfisstofnunar hefur verið eytt.

12. Val verktaka.

Umræður urðu um verk sem unnin eru á vegum sveitarfélagsins. Í því sambandi þykir rétt að ítreka að sveitarfélagið stefnir að því, ef mögulegt er, að ráða verktaka í sveitinni til starfa.

Eftirfarandi lagt fram til kynningar: Ályktanir Svæðisvinnumiðlunar NE, Eyþings og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga vegna lokunar Kísiliðjunnar. Enn fremur skýrsla Hrefnu Kristmannsdóttur um efnasamsetningu vatns úr Austraselslindum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Sverrir Karlsson,
Böðvar Pétusson.
Þuríður Snæbjörnsdóttir.